1863. 10. júlím. **52. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um skuld Sigurðar Jacobsens til kirkjunnar á Ingjaldshóli m. m.**

Eptir að dómsmálastjórnin nú er búin að fá aptur með brèfi yðar, herra amtmaður, 5. nóvembermán. f. á., útskript af rèttarprófi því, er haldið hafði verið til að fá skýrslur um hina tortryggilegu aðferð Sigurðar Jacobsens, er fyrrum var fjárhaldsmaður kirkjunnar á Ingjaldshóli, m. m., þá skal yður kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess þèr gjörið þær ráðstafanir, sem þörf er á í því efni, að þá 110 rd. 51 sk., sem um er rætt í brèfi yðar 26. febrúarm. f. á. og sem fengust fyrir fjármuni Jacobsens, er seldir voru, ber að taka upp í skuld hans til kirkjunnar. Því skal við bætt, að í rèttarprófi, sem haldið var yfir Jacobsen eptir tilhlutun stjórnarráðsins 19. marzmán. þ. á. í Frös- og Kalvslunds hèraði í hertogadæminu Slèsvík, hefir hann kannazt við, að hann sè enn skuldugur kirkjunni um 81 rd. 77 sk. og tjáð sig fúsan til að borga skuld þessa, en kvaðzt engan veg sjá til þess, þareð hann sè öldungis fèlaus.

---

10. júlím. **53. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um vegabótagjald af Reykjavíkur bæ, og vegabætur þar.**

Í skjali nokkru, er dómsmálastjórninni barst með brèfi yðar herra stiptamtmaður, dags. 23. janúarmán. þ. á., hefir bæjarstjórnin í Reykjavík spurt um:

1. Hvort eigi sè rèttur skilningur á tilskipun 15. dag marzmán. 1861, að Reykjavíkur umdæmi skuli vera undanþegið að svara vegagjaldi eptir tilskipunarinnar 16. grein, og
2. Ef þetta er álitið, hvort Reykjavíkur umdæmi ekki eigi rètt á, að þjóðvegir í umdæminu, að minnsta kosti þeir, er liggja fyrir utan hina eiginlegu kaupstaðarlóð, eins og hún var úthlutuð 1792, verði heimfærðir undir tèðrar tilskipunar 2. grein o. fl., þannig að þeir sèu gjörðir og